

Staðgreiðsla 2024

Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur verður sem hér segir:

| | |
|--------------------------------|--------|
| Af fyrstu 446.136 kr. | 31,48% |
| Af næstu 806.365 kr. | 37,98% |
| Af launum umfram 1.252.501 kr. | 46,28% |

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 64.926 kr.

Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðanda þurfa að gæta þess að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun yfir 446.136 kr. hjá einum launagreiðanda þarf að reikna 37,98% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum, en fari laun yfir 1.252.501 kr. þarf að reikna 46,28% staðgreiðslu af þeim hluta.

Vikulaun

Pegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

| | |
|--------|------------------------------|
| 31,48% | af fyrstu 102.392* kr. |
| 37,98% | af 102.393-287.459** kr. |
| 46,28% | af launum umfram 287.459 kr. |

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* 5.353.634/366 * 7 = 102.392 ** 15.030.014/366 * 7 = 287.459

Persónuafsláttur á mánuði er 64.926 kr.

Persónuafsláttur ársins 2024 er 779.112 kr. eða 64.926 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2024 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður 64.926 kr.
- Ef launatímabil er hálfur mánuður 32.463 kr.
- Ef launatímabil er fjórtán dagar 29.802 kr.
- Ef launatímabil er ein vika 14.901 kr.
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

Kr. 779.112 X dagafjöldi launatímabilsins
366

Frítekjumark barna er 180.000 kr.

Börn sem fædd eru 2009 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á árinu 2024 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 180.000 kr. Í vefskilum skal tiltaka heildarlaun án tillits til frádráttar.

Frádráttur vegna iðgjalda í lífeyrissjóð

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenn- dra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. **Heimilt er að veita til viðbót- ar frádrátt allt að 4% af iðgjaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.**

Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 6,35%

Tryggingagjald er 6,25%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðasjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 6,35%. Af launum sjómanna á fiskiskipum greiðast til við- bótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar:

- Almennt tryggingagjald 4,90%
- Atvinnutryggingagjald 1,35%
- Tryggingagjald alls 6,25%
- Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota 0,05%
- Markaðsgjald 0,05%
- Samtals til staðgreiðslu 6,35%**
- Viðbót vegna launa sjómanna 0,65%
- Samtals af launum sjómanna [á fiskiskipum] 7,00%

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð A1 (áður E-101) gilda sérstakar reglur.

Fjársýsluskattur til staðgreiðslu er 5,5%

Fjársýsluskattur er lagður á fjármálafyrirtæki, verðbréfa- fyrirtæki og tryggingafélög. Skatthlutfallið er 5,5% og skattstofninn eru allar tegundir launa og þóknana. Skattur- inn er greiddur mánaðarlega í staðgreiðslu.

Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá skattur.is

Leiðbeiningar vegna rafrænna skila á staðgreiðslu á þjónustuvef Skattsins, skattur.is

Kennitala: Í staðgreiðsluskilum er færð inn kennitala launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings.

Laun og hlunnindi: Færð eru inn laun, bifreiðahlunnindi, staðgreiðsluskyldur ökutækjastyrkur og staðgreiðsluskyldir dagpeningar. Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun og hlunnindi.

Persónuafsláttur: Nýting persónuafsláttar.

Persónuafsláttur maka: Ef nota á persónuafslátt maka þarf að færa hann sérstaklega inn.

Prepaskipti: Ef hluti launa á að reiknast í 2. skattþrepi skal færa mismuninn í reitinn "Þar af í þrepi 2".

Lífeyrissjóður: Færa þarf inn iðgjald sem greitt er í lífeyrissjóð (4% lögbundið iðgjald og allt að 4% iðgjald í séréignasjóð).

| | | | | | | | | | | |
|--|-------------------|--------------------------------|----------------------------|-------------------------------|------------------|------------------|---|---------|--------|---|
| Kennitala | Nafn | ÍSÁT | ÍSTARF | Starf% | | | | | | |
| 0707689999 | Árni Jónsson | <input type="checkbox"/> | | | | | | | | |
| <input type="checkbox"/> Starfsmaður er hættur | | | | | | | | | | |
| Laun og reiknað endurgjald | Bifreiðahlunnindi | Ökutækjastyrkur í staðgreiðslu | Dagpeningar í staðgreiðslu | Greitt iðgjald í lífeyrissjóð | Skattstofn | | | | | |
| 550.000 | + | 0 | + | 0 | - | 22.000 | = | 528.000 | | |
| Reiknuð staðgreiðsla | Persónuafsláttur | Persónuafsl. maka | Greidd staðgreiðsla | Þar af í þrepi 1 | Þar af í þrepi 2 | Þar af í þrepi 3 | | | | |
| 171.536 | - | 64.926 | - | | = | 106.610 | | 446.136 | 81.864 | 0 |
| Nánar um þrepin | | | | | | | | | | |

Sundurlíðun launamanna samtals

| | | | | | |
|----------------------------|-------------------|--------------------------------|----------------------------|-------------------------------|---------------------|
| Laun og reiknað endurgjald | Bifreiðahlunnindi | Ökutækjastyrkur í staðgreiðslu | Dagpeningar í staðgreiðslu | Greitt iðgjald í lífeyrissjóð | Greidd staðgreiðsla |
| 550.000 | 0 | 0 | 0 | 22.000 | 106.610 |

Tryggingagjald o.fl.

| | | | | |
|-------------------------|---------------------------|-----------------------------------|----------------------------|----------------|
| Laun og aðrar greiðslur | Mótframlag launagreiðanda | Ökutækjastyrkur utan staðgreiðslu | Iðgjald v/slystr. sjómanna | Tryggingagjald |
| 550.000 | 63.250 | 0 | 0 | Reikna 38.941 |

Mótframlag: Skilagrein reiknar mótframlag 11,5% á móti 4% iðgjaldi í lífeyrissjóð en breyta má mótframlagi í lífeyrissjóð ef greiðslur eru aðrar. Ef launþegi er 70 ára eða eldri á ekki að greiða iðgjald né mótframlag. Börn 15 ára og yngri greiða ekki í lífeyrissjóð.

Tryggingagjald: Smella þarf á „Reikna“ til að skilagreinin reikni tryggingagjaldið. Einnig er hægt að handfæra inn í reitinn ef þess er þörf.

Ökutækjastyrkur utan staðgreiðslu: Færa þarf inn ökutækjastyrk utan staðgreiðslu samkvæmt akstursbók.